

178

28. okt.

AUGLYSING

um breyting á gjaldskrá fyrir rafveitu Ísafjarðar nr. 15 8. marz 1937.

1. gr.

C.-liður I. kafla (verð á raforku) orðist þannig.

Til matareldunar selur rafveitan orku á 10 auru hverja kwst. Til húsa hitunar selur rafveitan orku á 5 auru hverja kwst., þegar nægilegt vatn og afl er fyrir hendi, að dómi rafveitustjórnar, en heimilt er rafveitustjórn að hækka verðið fyrirvaralaust allt að 30 auru á kwst. eða stöðva alveg sölu á raforku til húshitunar ef hún álítur það nauðsynlegt.

2. gr.

II. kafla (mælaleigur) orðist þannig:

II. mælaleigur.

Fyrir venjulega einfasa mæla sé leigan 50 auru á mánuði, en 1 króna fyrir venjulega þrífasa mæla. Rafveitin á mælana og annast viðhald þeirra á sinn kostnað.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 1932 til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 28. október 1941.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.

179

29. okt.

AUGLÝSING

um nýja lyfsöluskrá II.

Frá og með 1. nóvember næstkomandi gengur í gildi ný lyfsöluskrá II, útgefin af þessu ráðuneyti í dag, og falla jafnframt úr gildi lyfsöluskrá II, útgefin 15. sept. 1936, og breytingar á þeirri lyfsöluskrá, útgefnar 30. okt. 1937, og enn fremur breytingar, útgefnar 23. nóv. 1939 og breytingar, útgefnar 18. febr. 1941.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 29. október 1941.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Gústav A. Jónasson.